

Sundurliðun á staðgreiðslu opinberra gjalda

1. Nafn - heimili - póstoffang launagreiðanda

2. Kennitala

3. Greiðslutímabil

4. Blað nr.

RAFRÆN SKIL STAÐGREIÐSLU
 Á www.skattur.is er boðið upp á að skila staðgreiðslu með rafrænum hætti.

Athugið að á þessari sundurliðun skulu koma fram upplýsingar um alla launamenn, jafnvel þó að staðgreiðsla þeirra sé engin.

5. Kennitala launamanns	6. Nafn launamanns	7. Bhl.	8. RE	9. Launafjárhæð	10. Staðgrsk. dagpen.	11. Staðgrsk. ökutækjast.	12. Greitt í líffeyrissj.	13. Staðgreiðsla	14. Ísat 2008	15. Ístarf 95	16. Starfs- hlutfall
Samtala				17.	18.	19.	20.	21.			

RSK 5.06 1102

Dagsetning _____ Undirskrift launagreiðanda _____

Kynntu þér vandlega leiðbeiningar á bakhlið

RAFRÆN SKIL STAÐGREIÐSLU - Sjá www.skattur.is

SKÝRINGAR

• Reitir 1-3

Launagreiðandi sem hvorki skilar sundurliðun með rafrænum hætti (sjá vefskil á www.skattur.is) né fær áritaða sundurliðun skal fylla út upplýsingar um kennitölu, nafn, heimili og pósthfang. Einnig ber að fylla út reitinn fyrir greiðslutímabil, þ.e. mánuð og ár sem sundurliðun nær til.

• Reitur 4

Í reit 4 skal tilgreina hvað sundurliðunin er margar síður og blaðsíðunúmer, t.d. ef sundurliðunin er 4 síður, skal auðkenna fyrstu síðu 1 af 4, síðu tvö 2 af 4 o.s.frv.

• Reitir 5-6

Launagreiðandi sem hvorki skilar sundurliðun með rafrænum hætti (sjá vefskil á www.skattur.is) né fær kennitölu og nafn launamanns áritað á sundurliðun skal fylla út upplýsingar um kennitölu og nafn hans.

• Reitur 7

Bifreiðahlunnindi. Ef bifreiðahlunnindi eru hluti af launum viðkomandi launamanns skal setja X í þennan reit. Bifreiðahlunnindi eru afnot launamanns af bifreið í eigu launagreiðanda. Færa skal fjárhæð bifreiðahlunninda í reit 9. Hér skal ekki færa staðgreiðsluskyldan ökutækjastyrk.

• Reitur 8

Reiknað endurgjald. Einstaklingur í rekstri sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A. liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, skal setja X í þennan reit. Sama gildir um maka hans og barn starfi þau við reksturinn svo og stjórnendur og eigendur lögaðila sem hafa ráðandi stöðu, sbr. reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald.

• Reitur 9

Í reit 9 skal færa heildarfjárhæð staðgreiðsluskyldra launa (reiknað endurgjald), þ.m.t. hlunninda og friðinda sem ekki eru sérstaklega undanþegin staðgreiðslu. Í þennan reit skal þó hvorki færa staðgreiðsluskylda dagpeninga né staðgreiðsluskyldan ökutækjastyrk heldur tilgreina þær fjárhæðir í reiti 10 og 11, sbr. hér á eftir. Frá heildarlaunum á ekki að draga iðgjald í lífeyrissjóð heldur færa það sérstaklega í reit 12.

Jafnframt skal hér færa þann hluta arðs sem talinn er sem laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003.

• Reitur 10

Í reit 10 skal færa staðgreiðsluskylda dagpeninga í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra, sbr. reglugerð nr. 591/1987. Athuga skal að hér er einungis átt við dagpeninga sem ber að standa skil á staðgreiðslu af en ekki þann hluta sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu.

• Reitur 11

Í reit 11 skal færa staðgreiðsluskyldan ökutækjastyrk til samræmis við matsreglur ríkisskattstjóra, sbr. reglugerð nr. 591/1987. Athuga skal að hér er einungis átt við ökutækjastyrk sem ber að standa skil á staðgreiðslu af en ekki þann hluta sem heimilt er að halda utan staðgreiðslu.

• Reitur 12

Í reit 12 skal færa þá fjárhæð sem dregin hefur verið af launum launamanns vegna iðgjalds í lífeyrissjóð. Það á bæði við um lögbundið lífeyrissjóðgjald, sem er 4% af launum og valkvætt viðbótariðgjald, sem getur orðið allt að 4% af launum. Heimilt er að halda utan staðgreiðslu öllu lífeyrissjóðgjaldi launamanna, þó að hámarki 8% af þeim launum sem iðgjaldið reiknast af. Hér á ekki að færa móttframlag launagreiðanda.

• Reitur 13

Í reit 13 skal færa fjárhæð skilaskyldrar staðgreiðslu af launagreiðslum til starfsmanns á greiðslutímabilinu.

• Reitur 14

Í reit 14 skal færa atvinnugreinarúmer skv. Íslenskrí atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008. Um atvinnugreinaflokkunina ÍSAT 2008 er ítarlega fjallað á heimasíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is og vísast til þess sem þar kemur fram. Atvinnugreinarúmer getur verið áritað og ber að leiðrétta það ef breyting hefur orðið á starfsemi launagreiðanda.

• Reitur 15

Í reit 15 skal skrá tveggja stafa starfanúmer launamanns skv. Íslenskrí starfaflokkun ÍSTARF 95. Um starfaflokkunina ÍSTARF 95 er ítarlega fjallað á heimasíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is og vísast til þess sem þar kemur fram. Starfaflokkur getur verið áritaður og ber að leiðrétta hann ef breyting hefur orðið á starfi launamanns.

• Reitur 16

Í reit 16 skal skrá vinnuframlag sem hlutfall af 100% vinnuskyldu skv. kjarasamningi. Þetta hlutfall getur hæst orðið 100%. Aðeins skal telja yfirvinnu til vinnuframlags ef föst vinnuskylda er minni en 100%.

Dæmi: Launamaður er í 50% starfi og á að skila 85 tímum á mánuði. Að auki vinnur hann 17 tíma á mánuði. Starfshlutfall er því 60% $[(85+17)/170]$. Einstaklingur í sjálfstæðum atvinnurekstri teljast að jafnaði vera í 100% starfi. Íhlaupavinnu skal meta miðað við meðalvinnuframlag.

Dæmi: Launamaður vinnur að jafnaði 34 tíma í mánuði. Starfshlutfall verður þá 20% miðað við 170 tíma fulla vinnuskyldu (34/170).

Starfshlutfall getur verið áritað og ber að leiðrétta það ef breyting hefur orðið á vinnuframlagi starfsmanns.

ÞAD SEM EKKI ER STAÐGREIÐSLUSKYLT:

Í reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, eru taldar upp þær tegundir launa sem ekki ber að taka staðgreiðslu af þó um skattskyldar og framtalsskyldar tekjur sé að ræða. Þær helstu eru:

1. Ökutækjastyrkir og dagpeningar en þó aðeins þegar greiðslurnar eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra og uppfylla þau skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 591/1987.
2. Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.
3. Einkennisfatnaður.
4. Reiknað endurgjald undir 215.000 kr.
5. Reiknað endurgjald barna.
6. Höfundarlaun.
7. Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. lögum um málefni fatlaðra.
8. Vinningar og verðlaun.
9. Styrkir til rannsóknna, þróunar starfa og endurmenntunar, svo og opinberir styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna.

Sjá nánar: Reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.

Eyðublöð fást hjá ríkisskattstjóra og innheimtumönnum ríkissjóðs.

Þessi sundurliðun er send út í einriti. Eindregið er mælt með því að launagreiðandi taki ljósrit til að eiga afrit í gögnum sínum.